

# Gróðurfar í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði

Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristín Ágústsdóttir.

Unnið fyrir Náttúrustofu Norðurlands vestra



**NÁTTÚRUSTOFA**  
**Norðurlands vestra**

## **Efnisyfirlit**


Inngangur .....	2
Gagnaöflun og úrvinnsla.....	2
Niðurstöður .....	3
Gróðurlendi.....	3
Norðan Miklavatns – Borgarmýrar.....	3
Skógar - Stekkjarengi.....	3
Hrossabeit.....	4
Tegundir .....	4
Umræða .....	4
Heimildir .....	6
Kort.....	7

## **Viðaukar**

Gróðurlykill Náttúrufræðistofnunar Íslands 2002.....	VI-1
Tegundalisti.....	VII-1

## Inngangur

Það var að beiðni Náttúrustofu Norðurlands vestra sem Náttúrustofa Austurlands tók að sér að hefja grunnúttekt á gróðurfari á friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði og birtast niðurstöður þessarar úttektar í þessari skýrslu. Gróður hefur ekki verið rannsakaður áður á kerfisbundin hátt í friðlandinu við Miklavatn. Það var því tímabært að hefja þar gróðurrannsóknir og ákvað Náttúrustofa Norðurlands vestra að ráðast í það mikilvæga verk sumarið 2003. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir fyrsta áfanga þessara rannsókna. Gróðurfari á svæðinu við Miklavatn er lýst, gróðurlendi og gróðurþekja er færð á kort. Lýst er gróflega tegundasamsetningu gróðurlenda og rætt lítillega um beit.



**Mynd 1:** Helstu ornefni og afmörkun friðlands við Miklavatn í Skagafirði. Friðlandið er afmarkað með appelsínugulri línu.

## Gagnaöflun og úrvinnsla

Friðlandið nær til hluta Sjávarborgarlands þ.e. Borgarmýra vestan flugvallar út að Flæðitjörn (Tjarnartjörn), austur með Borginni og sunnan við Víkina, sem er affall Miklavatns, nær friðlandið til Skóga (Borgarskóga), Grænhólslands, Víkurselslands og Stekkjarengis (Hjalti Pálsson 1999) (Mynd 1.)

Vettvangsathugun var gerð 20. júlí og 10. september 2003. Svæðið var gengið, gróðri lýst og gróðurlendi afmörkuð á myndkort. Ekki vannst tími til að kortleggja nokkur jaðarsvæði sem erfitt er að komast að t.d. hólmana í Héraðsvötnum, nyrst og austast í svæðinu, austan við flugvöllinn og svæðið vestan við Reynistaðará, syðst í friðlandinu. Einnig vantaði myndkort af syðsta hluta svæðisins við Stekkjarengi þegar vettvangsvinna fór fram og varð því eftir ókortlögð ræma syðst.

Við kortlagningu voru notuð myndkort í mælikvarðanum 1:11.000 í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar og við flokkun gróðurlenda var notaður gróðurlykill Náttúrufræðistofnunar Íslands (Viðauki I).

Ekki var gerð tæmandi úttekt á tegundasamsetningu á öllu svæðinu en tegundir voru skráðar markvisst norðan við Miklavatn og á nokkrum stöðum í Skógum austan vatnsins en þar var hvergi nærri gerð fullkomin skráning (Viðauki II).

Þá var leitað í gagnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir því hvort sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista hafi áður verið skráðar á svæðinu. Skráðar voru athugasemdir um beit en ekki er á neinn hátt um tæmandi úttekt á beitarálagi að ræða. Til þess þyrfti ítarlegri athugun.

Að vettvangsvinnu unnu Berglind Steina Ingvarsdóttir, Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir. Þórdís Vilhelmína Bragadóttir aðstoðaði við vettvangsvinnu í júlí.

## Niðurstöður

### *Gróðurlendi*

Gróska er töluverð á svæðinu og gróðurþekja er samfelld eða > 90 % í nánast öllu friðlandinu og einungis mjög smáir blettir með minni gróðurþekju.

### **Norðan Miklavatns – Borgarmýrar**

Á svæðinu norðan Miklavatns eru votlendi, graslendi, fjalldrapamóar, blómlendi, lyngmóar og hálfdeigjur (Kort 1., bls. 7).

Norðaustan við hólinn þar sem bærinn Sjávarborg stendur er graslendi, fjalldrapamóar og hálfdeigjur. Austan við Sjávarborg eru mýrar og flóar mest áberandi en flóaræmur, graslendi og lyngmóar sunnan við. Mýrar og graslendi eru mest áberandi á svæðinu suður af Borgargerði (Kort 1, bls.7).

Mýrastör er mest áberandi í mýrunum en gulstör í flóunum. Vetrarkvíðastör, mýrelfting, hrafnastör, klóffá, engjarós og fleiri tegundir eru einnig algengar þar í votlendinu. Töluvert er um fjalldrapa í móum og einnig í mýrum, einkum nyrst. Graslendi er allvíða bæði ræmur innan um votlendið og samfelldara graslendi er við vatnsbakkann t.d. við affall vatnsins við flugvallarendann, Víkina. Blómlendi er við vatnsbakka Miklavatns og er ýmist blandað graslendi eða ekki. Lokasjóður er þar mjög áberandi. Hálfdeig jaðarsvæði, þar sem einkum vaxa starir og grös, finnast á nokkrum stöðum.

### **Skógar - Stekkjarengi**

Votlendi af ýmsu tagi eru áberandi á öllu friðlandinu austan og sunnan Miklavatns, einnig er töluvert um fjalldrapamóa en einnig finnast lyngmóar, víðimóar, blómlendi, graslendi, hálfdeigjur og vatnagóður.

Votlendi þekja stóran hluta Skógasvæðisins og eru gulstararflóar algengastir. Á austurhluta svæðisins í norður-, mið- og suðurhólfi, á beltinu norðan við Grænhól og í Sellandi eru stórir samfelldir flóar (sjá örnefni á mynd 1, bls. 2). Gulstararflóar mest áberandi norðan til en einnig eru þar flóar með öðrum einkennistegundum t.d. klóffá eða vetrarkvíðastör. Vestan til á svæðinu norðanverðu, í -norðurhólfi eru flóaræmur milli þurrari svæða. Þar er gulstararflóinn einnig mest áberandi en einnig koma fyrir flóaræmur með öðrum tegundum.

Sunnar á svæðinu, kringum Grænhól, í Sellandi og Stekkjarengi eru tjarnastaraflóar algengari en einnig er þar mikið um gulstarar-, klóffá- og vetrarkvíðastaraflóa (Sjá kort 1, bls. 7 og mynd 1, bls. 2).

Mýrar finnast á töluverðum spildum einkum kringum Grænhól, í Sellandi og einnig á blettum í suður- og miðhólfi. Algengastar eru runnamýrar þar sem mýrastör og fjalldrapi eru aðaltegundirnar. Víða eru flóastykki í mýrunum þar sem blautast er og einnig eru mýrar sums staðar á jöðrum flóasvæða. Votlendi eru þannig oft blönduð og geta verið ýmist flokkuð sem mýrar eða flóar þótt tegundasamsetning sé keimlúk en flokkað er eftir því hvaða tegundir eru ríkjandi á hverjum stað.

Auk starategundanna og klóffá sem eru einkennistegundir mismunandi flokka votlendis eru fjalldrapi, engjarós, hálmgresi og ýmsar aðrar grastegundir algengar í votlendinu vítt og breitt um svæðið. Þá eru grávíðir og gulvíðir einnig á köflum í mýrunum.

Töluvert er um mólendi á svæðinu öllu einkum fjalldrapamóar, gjarnan með bláberjalyngi og krækilyngi. Mólendi er einkum á norðurhluta svæðisins vestan til í norðurhólfi og einnig í mið- og suðurhólfi. Dálitlir víðimóar eru einnig vestan og suðvestan við Grænhól. Þar eru bæði gulvíðir og grávíðir ýmist í bland við graslendi eða fjalldrapa. Mólendi er gjarnan á lágum hæðum og rindum en mýrar eða flóasund á milli.

Graslendisræmur eru við Héraðsvötnin sunnan til á svæðinu og blettir við Miklavatn norðan til. Á nokkrum stöðum til viðbótar er graslendi sem stundum er hálffrakt og blandað hálfdeigjutegundum eins og hrossanál eða störum.

Töluvert er um hálfdeigjur t.d. við bakka Miklavatns sunnan til og syðst á svæðinu við Héraðsvötnin. Þetta eru svæði sem eru hálförök og vaxin, hrossanál, störum, mýrelftingu eða grösum og gjarnan blönduð öðrum gróðurlendum t.d. graslendi, blómlendi, mólendi eða mýragróðri.

Blómlendi fannst á nokkrum stöðum einkum við bakka Miklavatns. Um miðbik svæðisins voru hreinir blómlendisblettir en annars var blómlendi víða blandað hálfdeigju. Algengasta tegundin í blómlendi við vatnsbakkann er lokasjóður.

### *Hrossabeit*

Áhrif beitar voru vel sýnileg og var t.d. víða mjög erfitt að tegundagreina grös og starir þar sem meiri hluti þeirra var afbitinn. Ekki var mikið um bein sár í gróðurþekju að ræða vegna beitar eða traðks. Þó var greinlega töluvert beitarálag á blettum og merki um traðk og beit sáust víða t.d. á svæðinu norðan Miklavatns og víðast hvar með vatnsbökkum Miklavatns að austan.

### *Tegundir*

Um 100 tegundir háplantna voru skráðar í friðlandinu við vettvangsathugun sumarið 2003 (Viðauki II). Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á valista hvorki sumarið 2003 né í eldri skráningum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2004).

## **Umræða**

Votlendi norðan og austan Miklavatns í Skagafirði var friðlýst 1977 (Stjórnartíðindi nr. 29, 1977). Svæðið er votlent og fuglalíf þar mikið. Fuglalíf á svæðinu hefur verið rannsakað töluvert (t.d. Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1987; Ævar Petersen 1970) og nýrri rannsóknir sem Náttúrustofa Norðurlands vestra stóð fyrir sumarið 2003. Gróður svæðisins hefur ekki verið rannsakaður markvisst fyrir en nú.

Niðurstöður þeirrar athugunar sem hér birtist sýna að mestur hluti friðlandsins er vaxinn votlendisgróðri. Fjölbreytni gróðurlenda er ekki mjög mikil í heild en þó er þar að finna nokkuð fjölbreyttan votlendisgróður. Það eru flóar af mismunandi gerðum svo sem gulstararflóar, vetrarkvíðastarflóar, tjarnarstararflóar og klóffuflóar. Mýrar eru einkum runnamýrar með fjalldrapa. Þessi einkenni gróðurfarsins eru í samræmi við þær fáu eldri lýsingar á gróðurfari sem til eru og er að finna í skýrslum um fuglathuganir (Kristinn H. Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1987, Ævar Petersen 1970) og í votlendisskrá í ritinu Votlendi (Landvernd 1975).

Miðað við þau gróðurlendi sem nú er að finna austan við Miklavatn er ekki auðskilið af hverju nafnið Skógar er komið. Í Sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840 segir að engir séu þá skógar í sókninni og að varla verði skilið að nokkurn tíma hafi verið skógar „að marki á þeim enn svonefndu Sjóborgarskógum, nema hrís og smákræklur, aðeins til kolagjörðar”

(Jón Reykjalin 1954). Áhugavert væri að kanna ítarlegar bæði í heimildum og á vettvangi hvort einhver merki er þar að finna um raunverulegan skóg.

Töluvert af þeim gróðurlendum sem eru flokkuð sem gulstararflói samkvæmt þeim gróðurlykli sem almennt er nú miðað við í gróðurflokkun (Náttúrufræðistofnun Íslands 1997 – Viðauki I) tilheyrir flæðimýri samkvæmt skilgreiningu Steindórs Steindórssonar (1981). Um flæðimýrina segir að hún sé um margt óskyld flóanum að því er varðar myndun og jarðveg og allar ósahólmamýrar landsins séu að mestum hluta flæðimýrar. Það gildir án vafa um mikið af gulstararflóunum við Miklavatn.

Þegar gróðurathuganir voru gerðar sumarið 2003 var töluvert af þeim svæðum sem flokkast gróðurfarslega sem votlendi í reynd frekar þurr enda var þurrviðrasamt sumarið 2003. Vatnstaða í þessum votlendum er væntanlega breytileg eftir árferði og árstíma enda er það eitt af einkennum flæðimýra að vatn sígur inn á þær þegar vatnavextir eru í aðliggjandi ám og vötnum (Steindór Steindórsson 1981) og þekkt er að stundum eru stórir hlutar friðlandsins undir vatni (Hjalti Pálsson (ritstj.) 1999).

Friðlandssvæðið austan Miklavatns mun áður fyrr hafa verið nýtt til engjaheyskapar og beitar fyrir búpening. Þar voru m.a. nokkur býli. Borgarsel stóð norðan til á Skógum á Austurbakka Miklavatns og Grænhóll sunnan til á Skógum. Einnig eru heimildir um býlið Skógarbakka sem var austur við bakka Héraðsvatna milli Borgarsels og Grænhóls (Hjalti Pálsson (ritstj.) 1999) og Víkursel í Sellandi (Hjalti Pálsson (ritstj.) 2001). Eftir að byggð lagðist af á svæðinu var landið þó nytjað til engjaheyskapar lengi áfram. Skógarnir skiptu löngum miklu máli fyrir búskap á Sjávarborg og þar voru beitarhús með fjölda fjár (Hjalti Pálsson (ritstj.) 1999). Af þessu má sjá að nýting gróðurs á svæðinu á sér langa sögu. Þar er nú töluverð hrossabeit en engar aðrar nytjar. Töluverð merki sáust um hrossabeit í friðlandinu sumarið 2003 m.a. var víða erfiðleikum bundið að tegundagreina starir og grös þar sem bitið var ofan af þeim. Erfitt er þó á grundvelli svo takmarkaðra athugana á stuttum tíma að leggja mat á beitina og áhrif hennar á lífríkið, hvort sem litið er á friðlandið sem heild eða á einstök svæði innan þess. Mun ítarlegri úttekt þyrfti að gera á hrossabeitinni til þess. Það þyrfti að afla upplýsinga um fjölda hrossa sem ganga á svæðinu og afmörkuðum hlutum þess og kanna áhrif beitarinnar kerfisbundið.


Tegundafjölbreytni er ekki mjög mikil skv. þeirri skráningu sem gerð var árið 2003 en ítreka ber að skráning á svæðinu austan Miklavatns var ófullkomin og mikil þörf á að bæta þar við. Einkum er áhugavert að skoða betur í flóana og mýrarnar. Það kemur ekki á óvart að töluvert stór hluti af þeim tegundum sem fundust eru votlendistegundir eða um þriðjungur.

## Heimildir

- Hjalti Pálsson (ritstjóri og aðalhöfundur) 1999. *Byggðasaga Skagafjarðar I*. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur. Bls. 322-340.
- Hjalti Pálsson (ritstjóri og aðalhöfundur) 2001. *Byggðasaga Skagafjarðar II*. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkrókur. Bls. 104.
- Hörður Kristinsson 1986. *Plöntubandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Jón Reykjalin 1954. Fagranes og Sjóborgarsóknir, 1840. **I: Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II. Skagafjarðarsýsla**. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Norðri, Akureyri: Bls. 20–45.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1990. Fuglalíf í Skógum, Skagafirði, og nágrenni 1987. *Bliki* **9**: 46-66.
- Landvernd 1975. Skrá um votlendi. **I: Votlendi. Rit Landverndar 4**. Ritstj. Arnþór Garðarsson. Landvernd Reykjavík. Bls. 206 –238.
- Loftmyndir ehf. 1998. Myndkort og hæðarlínugrunnur af Miklavatni og nágrenni. (Í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar)
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2004. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna, upplýsingar frá september 2004. Óbirt.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík. Stjórnartíðindi B, nr. 29/1977.
- Steindór Steindórsson 1975. Um íslenskan mýralendisgróður. **I: Votlendi. Rit Landverndar 4**. Ritstj. Arnþór Garðarsson. Landvernd, Reykjavík. Bls. 22-41.
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðurfélög. *Íslenskar landbúnaðarrannsóknir* **12**: 11-52. Rala. Reykjavík.
- Ævar Petersen 1970. Fuglalíf í Skógum á óshólmasvæði Héraðsvatna í Skagafirði. *Náttúrufræðingurinn* **40**: 26-46.

# Gróðurfar í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði

Náttúrustofa Austurlands 2004. Gróðurkortlagt fyrir Náttúrustofu Norðurlands vestra í júlí og september 2003 af Berglindi Ingvarsdóttur, Guðrúnu Jónsdóttur og Kristínu Ágústsdóttur. Hæðarlínugrunnur: Loftmyndir ehf. 1998, í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Gróðurgreining skv. gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands 2002 (Viðauki I)



## Skýringar

- Mosagróður: A8
- Lyngmói: B1
- Fjalldrapamói: C1, C3
- Víðimói: D2
- Graslendi: H1, H1x, H2, H3
- Blómlendi: L2
- Deiglendi: T2, T5, T6, T7, T10
- Mýri: U2, U3, U4, U5, U8, U11, U19
- Flói: V1, V2, V5, V6, V8
- Vatnagróður: Y1, Y2, Y5
- Ógróið: le, mo, sa
- Ókortlagt
- Vatn
- Flugvöllur
- Framræsluskurður
- Mörk friðlands
- Reynistaðará
- Þjóðvegur 75

## Gróðurlykill

- Mosagróður
- A8 - Mosi með grösom og smárunnum
- Lyngmói
- B1 - Krækilyng, fjalldrapi, bláberjalyng
- Fjalldrapamói
- C1 - Fjalldrapi, bláberjalyng, krækilyng
- C3 - Fjalldrapi, víðir
- Víðimói
- D2 - Grávíðir, fjalldrapi
- Graslendi
- H1 - Grös
- H1x - Grös 2/3 gróið
- H2 - Grös með störum
- H3 - Grös með smárunnum
- Blómlendi
- L2 - Lágvaxnar blómjurtir
- Hálfdeigja
- T2 - Hrossanál, starir, grös
- T5 - Grös, starir
- T6 - Bróddastör, víðir, starir
- T7 - Sef
- T10 - Hrossanál, grávíðir/loðvíðir

- Mýri
- U2 - Mýrastör/stinnastör, víðir
- U3 - Mýrastör/stinnastör, fjalldrapi
- U4 - Mýrastör/stinnastör, klófifa
- U5 - Mýrastör/stinnastör
- U8 - Mýrastör/stinnastör - gulstör
- U11 - Gulvíðir, starir
- U19 - Mýrastör/stinnastör, tjarnastör
- Flói
- V1 - Gulstör
- V2 - Tjarnastör
- V5 - Vetrarkvíðastör
- V6 - Hrafnastör, mýrastör, klófifa
- V8 - Klófifa, bláberjalyng, fjalldrapi
- Vatnagróður
- Y1 - Fergin
- Y2 - Vatnsnál, vætuskuður
- Y5 - Lónasóley
- Ógróið
- le - blautar áreyrar
- mo - mold
- sa - sandur





**Viðaukar**

## Gróðurlykill Náttúrufræðistofnunar Íslands 2002

### ÞURLENDI

#### Mosagróður

A1	Mosi	A6	Mosi með þursaskeggi
A2	Mosi með stinnastör	A7	Mosi með þursaskeggi og smárunnum
A3	Mosi með stinnastör og smárunnum	A8	Mosi með grösum og smárunnum
A4	Mosi með smárunnum	A9	Hélumosi (snjómosi)
A5	Mosi með grösum	A10	Hélumosar með grávíði

#### Lyngmói

B1	Krækilyng - fjalldrapi - bláberjalyng	B6	Holtasóley - krækilyng - víðir
B2	Krækilyng - bláberjalyng - sauðamergur	B7	Bláberjalyng - krækilyng - víðir
B3	Krækilyng - víðir	B8	Sortulyng - krækilyng - fjalldrapi
B4	Beitilyng - krækilyng - bláberjalyng	B9	Aðalbláberjalyng
B5	Beitilyng - sortulyng - krækilyng		

#### Fjalldrapamói

C1	Fjalldrapi - bláberjalyng - krækilyng	C3	Fjalldrapi - víðir
C2	Fjalldrapi - þursaskegg - grös	C8	Fjalldrapi - beitilyng - krækilyng

#### Birki

C5	Ilmbjörk	C7	Ilmbjörk - gulvíðir
----	----------	----	---------------------

#### Viðimói og kjarr

D1	Grávíðir - krækilyng	D5	Gulvíðir - grös
D2	Grávíðir - fjalldrapi	D6	Grasvíðir
D3	Lodvíðir - grávíðir		

#### Þursaskeggsmói

E1	Þursaskegg	E4	Þursaskegg - holtasóley
E2	Þursaskegg - smárunnar		

#### Sefmói

F1	Móasef	F2	Móasef - smárunnar
----	--------	----	--------------------

#### Starmói

G1	Stinnastör	G3	Móastör - krækilyng - grávíðir
G2	Stinnastör - smárunnar	G4	Rjúpstör

#### Graslendi

H1	Grös	H5	Sjávarfitjungur
H2	Grös með störum	H6	Finnungur ( <i>Nardus stricta</i> )
H3	Grös með smárunnum	H7	Grös með elftingu
H4	Melgras		

#### Fléttumói

J1	Fléttur og smárunnar	J2	Grábreyksingur
----	----------------------	----	----------------

#### Blómlendi

L1	Hávaxnar blómjurtir	L3	Alaskalúpína
L2	Lágvaxnar blómjurtir		

#### Ræktað land

R1	Garðlönd, korn- og græn fóðurakrar	R4	Tún sem ekki er hægt að taka til heynytja aftur án þess að endurvinnna þau og votlendi sem er að breytast í graslendi vegna framræslu á fyrirhuguðum ræktunarsvæðum.
R2	Tún í góðri rækt, notuð til slægna og/eða beitar		
R3	Önnur tún. Land sem hefur verið brotið og ræktað en er ekki nýtt lengur til heyöflunar þegar landgreining fer fram nema e.t.v. til beitar. Þessi tún eru þó í því ástandi að hægt er að nýta þau til heyöflunar aftur með því að bera á þau að nýju.	R5	Ræktað graslendi. Uppgræðslusvæði þar sem gróðurlítið land eða náttúruleg gróðurlendi hafa breyst í graslendi vegna áburðargjafar með eða án sáningar.

**Skógrækt**

R6	1. Barrtré 2. Laufré: Til þess að báðir flokkarnir séu merktir í sama reit þarf þekja þess flatarminni að vera meira en 10%. Sá flokkur sem meira er af er skráður fyrst		
----	--	--	--

**VOTLENDI**

**Hálfdeigja**

T2	Hrossanál - starir - grös	T9	Hrossanál - vingull
T3	Hálmgresi	T10	Hrossanál - grávíðir/loðvíðir
T4	Gulvíðir - starir - grös	T11	Hrafnaþífa með hálmgresi
T5	Grös - starir	T12	Bjúgstör
T6	Broddastör - víðir - starir	T30	Mosar í deiglendi Bjúgstör
T7	Sef	T31	Mosar og grávíðir/smárunnar í deiglendi

**Mýri**

U1	Mýrastör/stinnastör - hengistör	U13	Mýrastör/stinnastör - mýrelfting
U2	Mýrastör/stinnastör - víðir	U14	Bjúgstör
U3	Mýrastör/stinnastör - fjalldrapi	U15	Skriðstör
U4	Mýrastör/stinnastör- klóffífa	U18	Klóffífa - finnunger
U5	Mýrastör/stinnastör	U19	Mýrastör/stinnastör - tjarnastör
U8	Mýrastör/stinnastör - gulstör	U21	Dýjahnappur - lindaskart
U10	Mýrelfting	U22	Barnamosar
U11	Gulvíðir - starir		
U12	Mýrafinnunger - mýrastör/stinnastör		

**Flói**

V1	Gulstör	V6	Hrafnaþífa - mýrastör - klóffífa
V2	Tjarnastör	V7	Gulstör - blátoppastör - hálmgresi
V3	Klóffífa	V8	Klóffífa - bláberjalyng - fjalldrapi
V4	Hengistör	V9	Flóastör - klóffífa
V5	Vetrarkvíðastör		

**Vatnagróður**

Y1	Fergin	Y5	Lónasóley
Y2	Vatnsnál - vætuskúfur	Y6	Nýkrur - marar
Y3	Vatnsliðagras - brúsar	Y7	Flóðapuntur
Y4	Lófótur	Y8	Hnúðsef

**Gróðurþekja:**

90% - 100% gróðurþekja: algróið land

10% - 0% gróðurþekja: lítið eða ógróið land

X	Gróðurþekja að meðaltali 75% (meira en 67% gróið land, 90% - 67% gróið land)
Z	Gróðurþekja að meðaltali 50% ( 67% - 34% gróið land)
Þ	Gróðurþekja að meðaltali 25% (minna en 67% gróið land, 34% - 10% gróið land)

**Annað:**

A	Grjót á yfirborði gerir land illræktanlegt, smágrýti
B	Grjót á yfirborði gerir land óræktanlegt, stórgrýti, klappir / grjót í grónu landi
R	Land sem er raskað/umbylt av völdum manna

Le	Blautar áreyrar	gt	Stórgrýtt land
Ey	Þurrar áreyrar	vi	Vikur
Hr	Hraun	q	Freðmýrarúst
mo	Moldir	n	Sand-, malar- eða grótnáma
By	Byggð - mannvirki	me	Melar
Fl	Flag		

**Tegundalisti**

Tegundir háplantna skráðar í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði sumarið 2003.  
Nafngiftir skv. Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Gleym-mér-ey	<i>Myosotis arvensis</i>
Grasnykra	<i>Potamogeton gramineus</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullstör	<i>Carex serotina</i>
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulstör	<i>Carex hynghyei</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrafnaþífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Lindasef	<i>Juncus ranarius</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Njólí	<i>Rumex longifolius</i>
Síkjamari	<i>Myriophyllum alterniflorum</i>
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>
Skarifífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnuarfi	<i>Stellaria crassifolia</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Títulíngresi	<i>Agrostis vernalis</i>
Trjónubrúsi	<i>Sparganium angustifolium</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>
Vætuskúfur	<i>Eleocharis uniglumis</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>

<b>Íslenskt nafn</b>	<b>Latneskt nafn</b>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Vatnsnál	<i>Eleocharis palustris</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>

## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 - 740 Fjarðabyggð - Sími 477-1774 - Fax 477-1923 - Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)

Miðvangi 2 - 700 Egilsstaðir - Sími: 471-2813 - Netfang: [ran@na.is](mailto:ran@na.is)